Kópavogsbær

Viðtakandi: Ásdís Kristjánsdóttir, bæjarstjóri, Pálmi Þór Másson, bæjarritar, Ásthildur Helgadóttir, sviðsstjóri umhverfissviðs, Ingólfur Arnarsson, deildarstjóri greiningardeildar.
Sendandi: Jón Kristján Rögnvaldsson, skrifstofustjóri starfstöðva og sértækrar ráðgjafar.
Máls nr.: 2611394.
Efni: Miðstöð vinnu og virkni
Dags. 3. nóvember 2026

Eftirfarandi er ritað vegna tillögu um að Kópavogsbær taki á leigu stærri hluta húsnæðisins að Dalvegi 18, nánar tiltekið rými á 1., 2. og 3. hæð. Með því skapast forsendur til að byggja þar upp miðstöð vinnu og virkni fyrir fatlað fólk, tryggja áframhaldandi starfsemi Höfuð-Borgarinnar með flutningi hennar úr tímabundnu húsnæði í Roðasölum að Dalvegi 18 og skapa jafnframt svigrúm til breyttrar nýtingar Roðasala með því að opna þar skammtímadvöl fyrir fötluð börn.

Tillagan felur ekki eingöngu í sér lausn á húsnæðisþörf heldur skapar hún forsendur fyrir endurskipulagningu þjónustu, aukinni samnýtingu húsnæðis og mannauðs og þróun þjónustunnar til lengri tíma. Markmiðið er að samnýta húsnæði, aðstöðu, verkefni og sérþekkingu betur, auka sveigjanleika þjónustunnar og skapa svigrúm til að mæta breyttum og auknum þjónustuþörfum á næstu árum.

Núverandi þjónusta og framtíðarþörf

Nú eru um 24 notendur hjá Örva og 32–37 hjá Hæfingarstöðinni eða um 60 notendur samtals. Hópurinn er fjölbreyttur hvað varðar aldur, stuðningsþarfir og viðveru og margir hafa verið lengi í þjónustu. Í fyrri aldursgreiningu á Hæfingarstöðinni voru 16 af 31 einstaklingi 60 ára eða eldri. Breytingarnar skapa tvímælalaust frekari tækifæri til að endurmeta þjónustu hvers og eins og tryggja betur að hún geti þróast í takt við breyttar þarfir núverandi, og framtíðar notenda.

Samhliða þjónustu í eigin starfsstöðvum kaupir velferðarsvið vinnu- og virkniþjónustu fyrir um 45 Kópavogsbúa af öðrum þjónustuaðilum, þar af eru 29 í þjónustu hjá Ási. Framtíðarskipulag þarf því að taka mið af þjónustu við rúmlega hundrað einstaklinga, bæði innan eigin starfsemi og hjá utanaðkomandi þjónustuaðilum. Ekki er lagt upp með að færa alla notendur frá öðrum stöðum í nýja Miðstöð, en gert er ráð fyrir að bjóða upp á þann möguleika eins og rými leyfir.

Jafnframt þarf að horfa til fyrirsjáanlegrar fjölgunar ungs fólks sem mun þurfa umfangsmikla þjónustu þegar það færist yfir í fullorðinsþjónustu. Í húsnæðisvinnu velferðarsviðs hafa verið greindir um 50 einstaklingar á aldrinum 13–18 ára sem taldir eru líklegir til að þurfa sértækt húsnæði eða húsnæði með stuðningi síðar. Gera þarf ráð fyrir að hluti þessa hóps muni jafnframt þurfa vinnu-, hæfingar- og virkniþjónustu.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

Framtíðarskipulag þjónustunnar þarf því að taka mið af fyrirsjáanlegri aukningu í eftirspurn á næstu árum.

Miðstöð vinnu og virkni

Örvi og starfsemin við Dalveg eru vinnu- og virkniúrræði fyrir fullorðið fatlað fólk. Leiga á rýminu að Dalvegi 18 myndi gera velferðarsviði kleift að flytja starfsemi Örva þangað og endurskipuleggja starfsemi Örva og Hæfingarstöðvarinnar sem sameiginlega miðstöð vinnu og virkni.

Í stað þess að flytja núverandi starfsemi óbreytta mætti samnýta aðstöðu, verkefni og sérþekkingu betur. Þjónustan yrði skipulögð með hliðsjón af stuðningsþörfum, áhuga og markmiðum hvers og eins og lögð meiri áhersla á fjölbreytt verkefni, hæfingu, virkni, vinnuprófanir og starfsþjálfun.

Með því að hafa starfsemina undir sama þaki skapast auknir möguleikar fyrir notendur til að prófa ný verkefni og færa sig milli verkefna og þjónustuforma eftir áhuga, getu og þörfum. Jafnframt skapast tækifæri til að samnýta aðstöðu, búnað og sérþekkingu starfsfólks og draga úr tvíverknaði þar sem ólíkar starfsstöðvar sinna sambærilegum verkefnum.

Höfuð-Borgin

Höfuð-Borgin er eftirskólaúrræði fyrir börn og ungmenni á framhaldsskólaaldri og er nú starfrækt tímabundið í Roðasölum. Ef tillagan nær fram að ganga flyst starfsemin að Dalvegi 18, þar sem hún yrði áfram sjálfstæð á hluta 2. hæðar og á 3. hæð. Ekki er gert ráð fyrir grundvallarbreytingu á þjónustunni, meðal annars þar sem stór hluti notenda eru börn. Á haustönn 2026 eru 18 ungmenni skráð samkvæmt viðveruyfirliti en yfir sumarið stækkar starfsemin töluvert og eru þá tæplega 40 notendur miðað við undangengið sumar.

Í hefðbundinni starfsemi koma notendur fyrst í hús um kl. 12. Það skapar möguleika á að samnýta hluta aðstöðunnar fyrir hádegi með starfsemi vinnu og virkni, án þess að skerða sjálfstæði Höfuð-Borgarinnar.

Einnig er unnið að tilraunaverkefni um helgarstuðning fyrir fötluð börn. Skipulag húsnæðisins þarf því að taka mið af mismunandi nýtingu eftir tíma dags, vikudögum og árstíma. Við breytingarnar þarf jafnframt að tryggja samfellu í starfseminni og varðveita þá faglegu menningu og jákvæðu þróun sem byggst hefur upp í Höfuð-Borginni.

Nálægð við miðstöð vinnu, hæfingar og virkni getur einnig skapað tækifæri fyrir ungmenni í Höfuð-Borginni til að kynnast ólíkum verkefnum og vinnuumhverfi, eftir því sem við á, án þess að starfsemi eininganna renni saman.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11.2026

Kópavogsbær

Roðasalir

Flutningur Höfuð-Borgarinnar úr tímabundnu húsnæði í Roðasölum að Dalvegi 18 hefur jafnframt áhrif á aðra uppbyggingu velferðarþjónustu. Með flutningnum skapast svigrúm í Roðasölum til að koma á fót skammtímadvöl fyrir fötluð börn, eins og lengi hefur verið stefnt að, og þróa sérhæfðari þjónustu fyrir ungt fólk með miklar og flóknar stuðningsþarfir.

Í dag þarf í sumum tilvikum að útbúa sértækar lausnir á mismunandi stöðum þar sem takmarkaðir möguleikar eru á samnýtingu mannafla, meðal annars næturvakta. Með því að samþætta slíka þjónustu betur á einum stað skapast aukið svigrúm til samnýtingar mannauðs og uppbyggingar sérþekkingar.

Ákvörðun um Dalveg 18 hefur því áhrif út fyrir starfsemina sem þar verður staðsett og getur jafnframt skapað forsendur fyrir frekari þróun þjónustu í Roðasölum.

Niðurstaða

Leiga á stærri hluta Dalvegar 18 skapar tækifæri til að byggja upp heildstæðari og sveigjanlegri vinnu-, hæfingar- og virkniþjónustu fyrir fatlað fólk. Með rými á 1., 2. og 3. hæð skapast forsendur til að samnýta húsnæði, aðstöðu og sérþekkingu betur, auka fjölbreytni þjónustunnar og skapa aukna möguleika á vali og færanleika milli verkefna og þjónustuforma.

Jafnframt er gert ráð fyrir að Höfuð-Borgin flytjist úr tímabundnu húsnæði í Roðasölum að Dalvegi 18 og þróist þar áfram sem sjálfstæð starfsemi. Sá flutningur skapar svigrúm í Roðasölum fyrir skammtímadvöl og sérhæfðari þjónustu.

Tillagan snýr því ekki eingöngu að lausn á núverandi húsnæðisþörf. Hún skapar forsendur til að endurskipuleggja þjónustuna með heildstæðari hætti og undirbúa Kópavogsbæ betur fyrir fyrirsjáanlega þróun þjónustuþarfar á næstu árum. Með markvissri uppbyggingu að Dalvegi 18 væri jafnframt hægt að þróa fjölbreyttari þjónustu og, eftir því sem þörf og rekstrarforsendur leyfa, skapa svigrúm til að sinna fleiri notendum síðar.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11 2026

Rafræn skilríki

Undirritað af: Jón Kristján Rögnvaldsson

Tími: 03.11.2026 14:44
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

Skjal sótt af '0000000000' dags: 22.11 2026